

ÚR ERLENDUM BLÖÐUM

SKOTFÆRALEYFI MIÐAÐ VIÐ 16 ÁRA ALDUR

NÝ SKOTVOPNALÖR voru nýlega samþykkt í einu hljóði í Óðalsþingi Norðmanna, þótt þingmenn væru ekki sammála um aldurstakmark vopnaleyfis, en það var þó samþykkt að miða það við 16 ára aldur. Nokkrir þingmenn vildu setja takmörkin við 18 ára aldur. Hinir héldu fram, að til sveita ættu ungir piltar veiðivopn sín sjálfir og kunni með þau að fara. Það séu því ekki þeir, sem slys unum valdi. □

BERNHARD SHAW OG „EASY SPELLING“

FLESTUM þeim sem við ensku nám hafa fengist, er kunnugt og ljóst, hve öfuguggaleg brezk stafsetning er og furðulega sundurleit og erfið viðfangs. Þetta er Bretum sjálfum fullkomlega ljóst eigi síður en útlendingum, enda er nú langt síðan þarlendir menn hófu að berjast fyrir auðveldari stafsetningu og „nýju stafrófi“. Hefir þetta verið nefnt „easy spelling“, það er auðveld stöfun eða stafsetning.

Skáldið og þúsundþjalasmiðurinn Bernhard Shaw, sem látinn er fjörgamall fyrir liðugum áratug, hafði þetta einnig í huga og ákvað því í erfðaskrá sinni 10.000 króna fjárveitingu til verðlauna fyrir nothæft brezkt stafróf á þessum vettvangi. Virðist nú vera að nálgast, að þessu marki sé náð. Alls hafa 467 manns spreytt sig á þessu verkefni, og eftir miklar bollaleggingar hefur nú úr fjórum af þessum tillögum verið soðið saman eins konar nýtt brezkt stafróf, sem þá á eflaust að reynast „easy spelling“.

Búið er við, að í haust komanda verði sjónleikur Bernhards Shaw, „Androkles og ljónið“, gefinn út og prentaður samkvæmt þessu „nýja stafrófi“. □

NORÐURLÖND FYLKJA LHDI GEGN ÚTVARPS- RÆNINGJUM.

Í ÞESSUM mánuði (apríl) hafa lögræðingar Norðurlanda boðað til fundar með sér og ræða þá um stofnun samtaka gegn áróðurs-útvarpendum þeim, sem leggja skipum sínum utan landhelginnar undan Kaupmannahöfn og Stokkhólmi. Útvarpendur þessir nota ólöglegar bylgjur og stela hljómlist þrátt fyrir reglur og réttindi útvarps og höfunda. Hefur komið til mála í Danmörku að beita ætti gömlum sjóræningja-lögum gegn þessum náungum, en er þó talið helzt til djúpt tekið í árinna að senda herskip til að sökkva þessum fleytum, sem oft eru skrásettir í mjög vafasömum löndum. □

ÍTALÍR UNA ILLA ÚTFLUTN INGI GLÆPAMANNA FRÁ BANDARÍKJUNUM

STJÓRN ÍTALÍU býr sig nú undir að andmæla opinberlega því hálterni Bandaríkjustjórnar að senda heim aftur til Ítalíu alla glæpamenn og bófa af ítölskum uppruna. Hafa nú verið „heimsendir“ alls 2500 slíkir náungar. Fóru margir þeirra vestur á barnsaldri, og kunna sumir varla móðurmál sitt. En iðn sína kunna þeir til hlítar. Hafa sumir þeirra beinlínis rek-

ið „iðnskóla“ í glæpamennsku, svo að ítalska lögreglan hefur átt fullt í fangi með að hafa auga á þeim!

Sumir þessara karla eru meðal illræmdustu glæpamannaforingjanna vestanhafs og eru þeir því síður en svo kærkomnir heima fyrir. Fyrir skömmu kærðu ítölsk útvarps- og sjónvarpsfélög „þann ósóma“ banda rískra sjónvarpsstöðva að nota venjulega ítölsk nöfn á bófum og glæpamönnum, og var þá heitið bót og betrun á þessum vettvangi. □

Húsmæðraskólinn á Laugalandi

Eldri námsmeyjar færðu skólanum gjafir

FÖSTUDAGINN 12. maí s. l. heimsóttu tíu og tuttugu ára námsmeyjar Húsmæðraskólann á Laugalandi og færðu honum góðar gjafir.

Að loknum hádegisverði kvaddi frú Hrund Kristjánsdóttir, sérhljóðs og afhenti skólanum fyrir hönd tuttugu ára námsmeyja fallega ljósakrónu að gjöf og auk þess rúmar tvö þúsund og fimm hundruð krónur í peningum, sem renna skyldu

Frá Sauðárkróki

Sauðárkróki 10. maí. Mánudaginn 1. maí var Barnaskólanum á Sauðárkrók slitið. Nemendafjöldi var 165, í 6 deildum, og luku öll ársprófi nema 3 sem voru forfölluð vegna veikinda.

Barnaprófi luku 29 nemendur, þar af 3 með ágætiseinkunn, eða yfir 9, Helga Kemp 9,44, Þorbjörn Arnason 9,22 og Hildur Bjarnadóttir 9,17. Mörg verðlaun voru veitt fyrir góða námsárangra og hegðun, frá skólanum sjálfum, Rótaryklúbb Sauðárkróks, Kaupfélagi Skagfirðinga og úr sjóði Jóns Þ. Björns-sonar, einnig hlaut skákmeistari skólans verðlaun. En það er orðinn fastur síður að keppa árlega um þann titil. Þátttakendur sl. vetur voru um 60, úr 4 efstu bekkjunum. Sparimerkjásala nam 17.700 krónum, og er það með minnsta móti. En alls nemur sparimerkjásala frá upp hafi 135.000 krónum auk vaxta. Sýning á handavinnu skrift og teikningu var sunnudaginn fyrstan í sumri og var fjölsótt.

Á undanförunum 8 árum hefur nemendum fjölgað um þriðjung. Miðskóli Sauðárkróks starfar í sama húsi, og nú er svo komið, að þrengsli eru farin að verða til бага, og nauðsyn að fara að hefjast handa og byggja yfir Miðskólann.

Geta má þess, að á síðastliðnu hausti vantaði kennara við barnaskólann, og sótti enginn. Mun þar nokkru um valda þau lélegu launakjör sem kennarar eiga við að búa. Og það er illa farið, að störf við uppeldi vaxandi kynslóðar séu svo lítils metin, að fáir æski að stunda þau, og virðast jafnvel kjósa flest önnur störf frekar. G. I.

K. A. sigraði í Ak.móti í körfuknattleik

AKUREYRARMÓTI í körfuknattleik lauk í síðustu viku. Kepptu 9 lið frá KA og Þór í þrem aldursflokkum, III. fl. II. fl. og meistarafl.

Mótið var hið skemmtilegasta og lofar geta yngri flokkanna góðu um framtíð þessarar íþróttagreinar hér í bæ.

Í meistaraflokki sigraði KA Þór með 67—51 stigi, og vann til eignar bikar, er Þór gaf árið 1959 til þessarar keppni. □

Í sjóð, er hefur það hlutverk að styrkja efnilegar námsmeyjar frá Laugalandi til framhaldsnáms í hússtjórn eða hannyrðum. Voru þessar gjafir gefnar til minningar um tvær látnar skólasystur, þær Kristrínu Snæbjarnardóttur og Möggu Öldu Eliríksdóttur.

Tíu ára námsmeyjar færðu skólanum að gjöf vandaðan borðlampa og Helgafellsprent af listvefnaðarmynd frú Ásgerðar Esterar Bóasdóttur: Kona með fugl. Frú Edda Ögmundsdóttir afhenti gjafirnar, þakkaði kærar minningar frá skólanum og árnaði honum heilla.

Forstöðukona skólans og skólanefndarformaður þökkðu gjafirnar og þá tryggð og vinarhug, sem þær bæru vitni um, og námsmeyjarnar sýndu með heimsókn sinni og örlæti. Sagði forstöðukonan, frk. Lena Hallgrímsdóttir, að enda þótt gjafir þessar væru góðar, væri sá vinarhugur, sem lýsti sér í þessum heimsóknum, skólanum enn dýr mætari.

Mættar voru aðeins 7 af tuttugu ára námsmeyjum, en 22 af tíu ára námsmeyjum, en það var rúmur helmingur þeirra. Námsmeyjarnar voru úr öllum landsfjórðungum.

Námsmeyjarnar voru boðnar í síðdegiskaffi hjá prestshjónunum á Laugalandi, en dvöldu síðan í húsmæðraskólanum fram yfir miðnætti, rifjuðu upp gamlar minningar og skemmtu sér með ungu námsmeyjunum í góðum fagnaði. □

Sýslufundur Eyjafjarðarsýslu

SÝSLUFUNDUR Eyjafjarðarsýslu 1961 var haldinn dagana 8. til 13. maí. Garðars sál. Halldórssonar alþingismanns var minnzt.

Til vega voru lagðar 335000 krónur.

Glæsibæjarhreppi var heimil að að taka 50000 króna lán til nýbygginga vega og Árskógs- hreppi 30000 krónur.

Til Laugalandsskóla voru veittar 35000 kr. til byggingar og umbúnaðar um sundlaug skólans sem jafnframt er sundlaug barnaskólans. Bygðasafni héraðsins voru veittar 10000 kr.

Mikill íþróttáhugi í Eiðaskóla

ALÞÝÐUSKÓLANUM á Eiðum var slitið 30. apríl sl. Eftirfarandi upplýsingar komu fram í skýrslu Þórarins Þórarinssonar, skólastjóra, sem flutt var við það tækifæri.

Í skólanum voru í vetur 96 nemendur. Má segja, að skólinn hafi verið fullskipaður Austfirðingum og hrökk ekki til, því að fjölda umsókna var ekki hægt að sinna sl. haust. Nemendur skiptust þannig milli deilda: Í landsprófsdeild 12, bóknámsdeild 14, verknámsdeild 19, í framhaldsdeild alls 45. Í eldri deild 22, yngri deild 29.

Nemendur voru álika margir og undanfarna vetur þrátt fyrir brunan sl. sumar, en mun þrengra var í heimavistum en áður.

Félagslíf var gott. Árshátíð skólans var haldin í marz. Þá var m. a. sýndur sjónleikurinn Ráðskona Bakkabræðra undir stjórn Erlings Halldórssonar, leikstjóra frá Bandalagi ísl. leikfélaga, einnig var kórsöngur og sundsýning. Farið var með leikinn og sönginn á Reyðarfjörð 25. marz og sýnt þar við góðar undirtektir. Vill skólinn, þótt seint sé, færa Reyðfirðingum kærar þakkar fyrir framúrskarandi móttökur.

Mikill áhugi var á íþróttum í skólanum, einkum sundi, frjáls íþróttum og knattspyrnu, enda víðræði vel fyrir útiþróttir í vetur. Afrekstigi í sundi náðu 22 nemendur.

Dvalarkostnaður varð nokkuð hærri en sl. ár vegna verð-

hækkana á útlendum matvörum í febr. 1960, en kom ekki fram í fæðiskostnaði þá, þar sem vörur eru jafnan keyptar að hausti. Þessi hækkun nam rös-kum 10%, og varð dagfæði pilta kr. 33, en stúlkna kr. 28.

Ársprófi yngri deildar luku 28 nemendur, Hæstu einkunnir hlutu:

Björn Ágústsson frá Kleppjárnstöðum, 8,75, Karl Stefáns-son frá Kirkjubæ, 8,40, Andrés Filippusson frá Dvergasteini 8,23.

Burtfararprófi (sem svo er kallað af gamalli hefð, enda þótt nem. þeirrar deildar komi flestir í framhaldsdeild) eldri deildar luku 22 nem. Hæstir urðu:

Þórunn Stefánsdóttir frá Berunesi 8,20, Jón Sveinsson, Stöðvarfirði 7,57, Hákon Halldórsson frá Dalatanga 7,62.

Nemendur framhaldsdeildar hafa ekki lokið prófi og eru enn í skólanum. Bóknáms- og verk námsdeild lýkur 13. maí og landsprófsdeild 31. maí.

Handavinnusýning nemenda, einkum nem. verknámsdeildar var opnuð skólaslitadaginn. Stúlkurnar sýndu þar kjóla, dúka, barnafatnað o. fl. bæði vélsaumað og handsaumað, einnig prjónaða og heklaða muni. Piltarnir sýndu einkum hús-gögn, legubekki, hægindastóla, borðstofuborð og -stóla, sófaborð og ýmis konar smámuni, svo sem lampa, krúsir o. s. frv. Munir piltanna í verknámsdeild inni (þeir eru 12) voru virtir á kr. 188.000.00. □

Gamla kirkjuorgelsins minnzt

VIÐ GUÐSPJÓNUSTU á uppstigningardag var þess minnzt að markverð tíðindi eru að gerast í orgelmáli Akureyrar-kirkju.

Það hljóðfæri, sem nú er í kirkjunni hefur verið selt Frímúrarareglunni á Akureyri. Í tilefni af því mælti séra Pétur Sigurgeirsson þakkarorðum til hjónanna Vilhjálms Þór, aðalbankastjóra og frú Rannveigar Jónsdóttur fyrir hugulsemi þeirra og rausn í garð kirkjunnar, en þau gáfu hljóðfærið á sínum tíma, er kirkjan var byggð. Andvirði þessa orgels rennur nú til kaupa á hinu nýja pípuorgeli, og á þann hátt er gjöf hjónanna varðveitt kirkjunni til blessunar.

Hið nýja hljóðfæri er þegar afgreitt frá verksmiðjunni í Þýskalandi og er það nú á leið til landsins með skipi Eimskipa félagsins, en það gefur allan flutningskostnað á því til Akureyrar.

Þá hefur Stefán Arnason, forstjóri á Akureyri, tilkynnt, að Almennar tryggingar gefi tryggingu á hljóðfærinu frá Þýskalandi til Akureyrar.

Síðustu gjafir, sem auk þessa hafa borizt til orgelsins, eru 10 þúsund krónur og eitt þús. krónur frá tveimur ónefndum mönnum, sem þeir gefa til minningar um látna netagerðarmenn á Akureyri. Enn frémur 500 krónur frá frú Vilhelminu Norðfjörð og 200 kr. frá Guðmundi Jónassyni. Allar þessar gjafir, svo og allar aðrar gjafir, og allt sem gert hefur verið fyrir orgelmál kirkjunnar, er af hjartans alúð þakkað.

Þegar hafa verið greiddar um 832 þús. krónur til hins nýja pípuorgels, sem verður hið fullkomnasta á landinu, og á þá að eins eftir að greiða uppsetningarkostnað. Til þess að geta greitt afborganir á tilsettum tíma, hefur kirkjan orðið að taka lán, og hafa því safnast miklar skuldir vegna orgelkaupanna. Margir hafa þegar stutt þetta málefni með rausnarlegum gjöfum og fyrirgreiðslu, og væntum vér þess, að margir eigi enn eftir að gera það.

Sóknarnefnd.